

Eurovision hefðir

Spurningaskrá 126 (2019-1)

Þú getur valið á milli þess að svara með nafni eða nafnlaust og á þann hátt sem þér finnst þægilegastur, hvort sem það er á netinu, í tölvupósti (agust@thjodminjasafn.is) eða í bréfpósti.

Með því að svara er litið svo á að þú hafir samþykkt eftirfarandi skilmála:

Ég afhendi hér með Þjóðminjasafni Íslands svör við spurningaskrá 126, Eurovision hefðir, til varðveislu. Ég lýsi því jafnframt yfir að mér er kunnugt um og veiti samþykki mitt til þess að svörin tilheyri gagnasafni Þjóðminjasafnsins og að safnið nýti þau í þágu rannsókna og minjavörslunnar í landinu samkvæmt lögum. Þetta þýðir að Þjóðminjasafni Íslands er heimilt að skrá svörin í stafrænan gagnagrunn og gera þau aðgengileg almennungi, fræðimönnum, skólum, ein og sér eða í gagnagrunni, um tölvunet eða með öðrum aðferðum sem síðar kunna að tíðkast. Einnig að gögnin séu afrituð í þágu almennings og til rannsókna.

Með bestu kveðjum og fyrirfram þakklæti

Ágúst Ólafur Georgsson safnvörður þjóðháttu
Þjóðminjasafn Íslands, Tjarnarvöllum 11, 221 Hafnarfirði
Sími 530 2294, agust@thjodminjasafn.is

Persónulegar upplýsingar

Nafn [val]:

Kyn:

Fæðingarár:

Kennitala [val]:

Heimilisfang [val]:

Fá póstsendingar um framtíðar spurningaskrár [já/nei]:

Fyrir daga beinnar útsendingar

Í hve miklum mæli fylgdist þú með söngvakeppninni áður en farið var að senda hana beint út á Íslandi?

Var haldið upp á keppnina í þá daga? Hvernig, ef svo var?

Áhorf í beinni útsendingu

Hverju breytti það fyrir þig að farið var að senda söngvakeppnina út beint?

Hve mikið hefur þú fylgst með keppninni í gegnum tíðina? Er fylgst með öll kvöldin?

Hve löngu fyrir keppnina er byrjað að fylgjast með? En eftir keppnina? Fylgist þú t.d. með kynningu á keppendum eða þáttum þar sem spekingar spá fyrir um úrslitin?

Nokkur undanfarin ár hefur íslenska úrslitakeppnin verið send beint út frá Háskólabíó, hefur þú farið og ef svo er hvernig upplifun er það?

Keppnin í heimahúsum

Lítur þú hugsanlega á sönglagakeppnina sem hátíð og ef svo er af hverju? Á það við einhvern sérstakan dag keppninnar fremur en annan? Hvaða dag?

Margir eru með Eurovisionpartí eða -boð í heimahúsum, hvenær manst þú fyrst eftir að farið var að halda þau? Hefur þú sjálf(ur) haldið þannig partí eða tekið þátt í þeim? Hverjum er boðið?

Ef að þú heldur ekki boð eða partí, hvers vegna gerir þú það ekki?

Kannast þú við að fólk skreyti hýbýli sín að utan eða innan í tilefni af keppninni? Hvernig skreytingar eru þetta, ef svo er? Hve lengi hafa þannig skreytingar tíðkast?

Er farið í leiki (hvaða leiki), spurningakeppni eða sungið (hvað er spurt um og hvaða lög eru helst sungin)?

Þekkir þú að veðjað sé um hvaða lag vinnur og hvað er í verðlaun? Ef svo er, segðu frá því hvernig þetta gengur fyrir sig.

Kannast þú við að höfð séu þemu í Eurovisionpartíum? Hvaða þemu ef svo er? En að fólk klæðist búningum og þá hvernig búningum?

Hvaða veitingum (mat og drykk) manst þú eftir að boðið hafi verið upp á?

Hvort er haldið meira upp á íslensku forkeppnina eða alþjóðlegu keppnina að þínu mati? Eru haldin partí í tilefni af báðum keppnunum og hvaða munur er á þeim, ef einhver? Hve lengi stendur gleðin eftir að keppninni lýkur?

Partí á skemmtistöðum

Hefur þú farið í Eurovisionpartí á börum eða skemmtistöðum? Hvaða stöðum? Hvað er gert í þessum partíum?

Hvaða skemmtikröftum manst þú eftir sem komið hafa fram? Áttu þér einhvern uppáhalds skemmtikraft?

Kannast þú við And-Eurovisionpartí? Hvar hafa þau verið haldin og hvað er gert? Hefur þú mætt? Þekkjast slík partí í heimahúsum?

Eurovision á vinnustöðum

Er fylgst með söngvakeppninni á vinnustöðum? Hvernig, ef svo er?

Veðja vinnufélagar um hvaða lag vinnur? Hvernig ganga þessi veðmál fyrir sig, ef svo er, og hvað er í verðlaun?

Getur þú sagt frá Eurovision hefðum á leikskólum?

Á erlendri grundu

Hefur þú sótt keppnina heim í útlöndum? Hvernig upplifun var það og hvað er þér helst minnisstætt?

Hvað annað hafðir þú fyrir stafni í ferðinni en að fylgjast með keppninni?

Annað

Segðu frá því sem þér finnst um söngvakeppnina. Hvaða máli skiptir hún fyrir þig? Ef að þú heldur ekki upp á keppnina er eigi að síður mikilvægt að fá upplýsingar um afstöðu þína til hennar.